

Formannafundur AKÍS 9. nóvember 2024

Keppnisráð í spyrnu

Einar Gunnlaugsson, BA

Ingimundur Helgason, KK

Skýrsla ráðsins

Á árinu fóru fram Íslandsmót í spyrnu, götuspyrnu og sandspyrnu.

- Sjö keppnir voru haldnar í spyrnu
  - fimm hjá KK
    - þrjár í kvartmílu
    - tvær í áttungsmílu
  - tvær hjá BA í áttungsmílu
- Ein keppni var haldin í götuspyrnu hjá BA
  - Bíladagar (áttungsmíla)
- Þrjár keppnir voru haldnar í sandspyrnu
  - allar hjá BA

Einnig voru haldin bikarmót.

- KK bikarmót
  - King of the Street (áttungsmíla)
- BA bikarmót
  - fimm keppnir (áttungsmíla)
    - þrjár þeirra voru jafnframt Íslandsmótskeppnir

Keppnishald tókst vel og var góð samvinna á milli klúbbanna.

Þátttaka í sandspyrnu var lítil og fer minnkandi.

Keppnishald í spyrnu er á vegum tveggja sérsambanda, AKÍS og MSÍ.

Fyrirkomulag byggir að mestu á reglum AKÍS og MSÍ ökumenn aðlaga sig að því.

Skráningar í 15 spyrnukeppnir í sumar voru samtals 469 (þar af 357 AKÍS og 112 MSÍ).

Á næsta ári er fyrirhugað að Íslandsmóti í spyrnu verði tíu keppnir sem fari fram á brautum KK og BA, fimm á hvorum stað. Í öllum keppnum verður keyrð áttungsmíla í öllum keppnisflokkum og hjá KK verður jafnframt keyrð kvartmíla í öllum keppnisflokkum. Íslandsmót í götuspyrnu verði ein keppni sem fari fram á Bíladögum BA. Íslandsmót í sandspyrnu verði þrjár keppnir, allar hjá BA. Þá eru fyrirhuguð bikarmót í áttungsmílu hjá báðum félögum.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á keppnisgreinareglum í spyrnu.